

Fundargerð 25. apríl 2016

Mætt: Jón Hjaltason, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fjarverandi: Elsa María Guðmundsdóttir, Hilmar Theodór Björgvinsson, Ólafur Baldursson og Viktoría Gísladóttir.

Í upphafi var fundargerð 59. fundar lesin lauslega yfir og farið yfir atburði sem átt hafa sér stað frá síðasta DMT-nefndarfundi.

Fundargerð, 25. apríl 2016

1. Rennt yfir fundargerð síðasta fundar.
Jón Hjaltason ræðir að töluverður fjöldi sé kominn á námskeið sem haldið verður í Reykjanesbæ 4. maí. Hann verður með Sigurþóri á námskeiðinu.
2. Sigurður Óli Guðmundsson ræðir um FINA skólann sem haldinn var 9. og 10. apríl. Hann sendir Ingibjörgu Ýri samantekt sína sem hengd verður við fundargerð þessa fundar (merkt Viðhengi 1). Sigurður ræðir að ánægjulegt væri að sjá svona skóla hér á landi á tveggja til þriggja ára fresti í framtíðinni.
3. Björn Valdimarsson gerir grein fyrir yfirdómarafundi sem haldinn var á milli þriðja og fjórða mótshluta á ÍM50 þann 23. apríl 2016. Björn sendir greinargerð um efni fundarins til Ingibjargar Ýrar sem hengir hana við fundargerð þessa fundar (merkt Viðhengi 2). Helstu umræðuefni yfirdómarafundar voru:
 - Góð umræða um FINA-skólann. Yfirdómarar voru sammála um að fókus hefði verið skýr og að allir hefðu lært mjög mikið af honum.
 - Undirbúningur að ræsingu var ræddur. Hvað þýðir flautið? Vísað var í FINA - reglurnar. Sigurður Óli bendir á að mikilvægt sé að vera ekki að æsa sig þegar stutta flautið hefur verið flautað.
 - Farið var yfir greinar sem eru fyrst og fremst til skemmtunar á sundmótum.
 - Rætt var um að dómari á bakka eigi aldrei að sýna viðbrögð við úrslitum sunds.
4. Bent var á kvörtun sem lögð var fram af Sundfélaginu Ægi vegna sundmanns þess sem var að hefja undirbúning fyrir sund. Honum þótti hann sæta óréttmætri orðræðu af hálfu snúningsdómara, startmegin. Jón bendir á að rétt sé að ræða við sundmanninn til að fá tilfinningu fyrir líðan, tveimur dögum eftir atvikið. Hér hefði dómari átt að sýna stuðning og hvetja sundmanninn áfram í stað þess að rífa hann niður. Rætt var við dómara og honum bent á að atferli hans gagnvart sundmanni hafi ekki verið honum til sóma. Það er hlutverk dómara að gæta hlutleysis og styðja við sundmenn fremur en að draga úr þrótti þeirra.
5. Rætt var um mikilvægi þess að keppendur skili sér í riðlaherbergi. Nokkuð var um það að tilteknir sundmenn skiluðu sér ekki þangað fyrir sund á nýliðnu ÍM50. Bent er á að keppendur í kvennasveit Ægis í boðsundi hafi ekki allir skilað sér í riðlaherbergið fyrir síðasta boðsundið. Yfirþjálfari liðsins var áminntur um atvikið. DMT-nefndin þarf

að ræða þetta. Sigurður Óli bendir á að rétt væri að vera með labbrabb tæki á milli riðlaherbergis og yfirdómara. Þá er rætt um að beita megi eyðublaði fyrir „No Show“ í riðlaherbergi. Jón bendir á að Sundsambandið hafi tekið á þessu. Það er fyrst og síðast mótstjórnar hvers sundmóts og stjórnar SSÍ að taka ákvörðun um þetta. Beita megi viðkomandi FINA reglu á sundmenn sem ekki skila sér í riðlaherbergi. Það er þekkt á stórmótum erlendis. Ábyrgð á þessum málum er á herðum stjórnar SSÍ.

Jón leggur til að farið verði að beita riðlaherberginu strangt og því eigi varamenn ávalt að vera tilbúnir þar. Vinna þarf í þessu máli á komandi misserum.

6. Rætt um komandi dómaranámskeið þann 19. maí í Kópavogi. Viktoría og Sigurður Óli munu sjá um það.
7. Jón dreifir ágripi af ársskýrslu DMT-nefndar (sömu og Ingibjörg Ýr kynnti á formannafundi um liðna helgi). Hann biður nefndarmenn að yfirfara skýrsluna og koma með ábendingar um þau atriði sem betur megi fara.
8. Önnur mál:
 - Bent á svar fyrrverandi formanns DMT-nefndar sem sent var um helgina. Hann er fyrirvaralaust velkominn til starfa í DMT-nefndinni þegar og ef það gerist.
 - Í samtali við Elsu kom fram beiðni um að erindi verði sendi beint til stjórnar SSÍ en komi ekki sem ályktun í fundargerð.
 - Sigurður Óli leggur fram þrjár beiðnir um erindi til stjórnar SSÍ. Þær hafa með uppfærslu dómaraalista, og mótahald þannig að ekki stangist á mót á vegum SSÍ og ÍF (merkt Viðhengi 3, Viðhengi 4 og Viðhengi 5).
 - Bent er á að Emil vilji setjast niður með DMT-nefndinni og ljúka ákveðnum málum fyrir haustið.
 - Bent er á að endurskoða þurfi orðalag um dómara á alþjóðlegum lista. Í dag býður það upp á misskilning. Þetta breytist bara á Sundþingi.
 - Rætt er um fataskipti sundmanna á áhorfendasvæðum á sundmótum – þetta er óæskilegt og eitthvað sem þarf að taka á. Það er ekki bjóðandi fólki sem situr í stúku að horfa upp á sundmenn skipta um föt fyrir framan sig. Það er mótstjórn hvers sundmóts sem á að sjá um þetta. Það er vissulega ekki hlutverk dómara að fylgjast með fataskiptum sundmanna, þeirra er að fylgjast með sundtæknilegum þáttum á sundmótum.
 - Sigurður Óli spyr hvort gisting verði í boði fyrir dómara á AMÍ 2016 og hvort að eitthvað annað verði í boði fyrir þá, eins og fæði.
 - Næsti fundur samkvæmt dagskrá 30. maí, Jón Hjaltason verður fjarverandi þá.

Fundi lokið kl. 19:00

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

Viðhengi 1

FINA Swimming School for Officials á Íslandi 2016

Dagana 9. – 10. apríl 2016 var haldinn skóli fyrir sunddómara á vegum FINA Development Program í fyrsta sinn á Íslandi. Þetta er hluti af áætlun FINA til að samhæfa störf dómara um heim allan, svo öll mót séu dæmd og framkvæmd eins.

Það voru Ingibjörg Helga Arnardóttir á vegum skrifstofu SSÍ og Sigurður Óli Guðmundsson fyrir hönd Dómaranefndar SSÍ sem skipulögðu og undirbyggðu skólann. Jón Viðar Ásmundsson, dómari frá SH og einn af þátttakendum, sá um akstur á erlendum þátttakendum. Klaus Ohk, yfirþjálfari SH sá um að útvega sundfólk fyrir verklega hlutann. Kennarar komu á vegum FINA, þeir Bill Hogan frá Canada og José De Jesús frá Puerto Rico og komu þeir með kennslugögn og efni.

Kennt var í fundarsal ÍSÍ (E) að Engjavegi 6 í Reykjavík og verklegar æfingar fóru fram í Laugardalslaug. Kennsla var frá 09:00 til 17:00 báða dagana.

Þar sem þessi skóli var á vegum FINA var opið fyrir þátttöku frá öllum Evrópuríkjum innan FINA og komu þátttakendur frá Svíþjóð, Færeyjum, Finnlandi, Kosovo og Íslandi, alls 32:

Svíþjóð:	2
Færeyjar:	1
Finnland:	1
Kosovo:	2
Ísland:	26

Samtals 32 og þar af:

7 almennir dómarar
4 nýliðar
15 yfirdómarar

Allir lýstu yfir ánægju sinni með skólann og voru kennararnir sérstaklega ánægðir með hve erfiðar fyrirspurnir þeir fengu frá þátttakendum og hve vel tókst til með verklegu æfingarnar, þar sem þeir settu sundfólki ákveðin atriði fyrir til að gera ógild og nemarnir áttu svo að sjá. Nánast allar ógildingar komu fram, auk nokkurra sem sundfólkið laumaði inn sjálft. Það komu 8 stúlkur og 7 drengir frá SH til að aðstoða og voru kennararnir himinlifandi með þau (og þau hæstánægð með að fá að reyna að svindla á dómurum án þess að líða fyrir það).

Ánægjulegt væri að sjá svona skóla hérlendis á 2-3ja ára fresti í framtíðinni og að sem flestir yfirdómarar væru búnir að fara í gegnum hann, því þeir eru leiðandi á öllum sundmótum um framkvæmd og tilhögun dómara starfsins.

Virðingarfyllst,
Sigurður Óli Guðmundsson

Viðhengi 2

Yfirdómarmfundur haldinn 23. apríl 2016 kl. 15:00 í Pálstofu

Fyrsta mál á dagskrá var: „Hvernig fannst ykkur FINA skólinn?“.

Það var virkilega góð umræða sem fór af stað um hann og menn ræddu að orðið að fókusera væri sterkt hjá kennurunum. Aðferðafræðin við kennslu hjá okkur liggur saman við kennsluáferðir FINA. Allir voru sammála að þarna hefðu menn lært mörg tæknileg atriði.

Annað mál á dagskrá var: „Undirbúningur að ræsingu“. Hvað þýða flautin?.

Fyrsta flautið er gerið ykkur klár fyrir sunnið. Annað flautið er; farið á rásfallinn. Margir taka þessi flaut mjög þétt sem getur stressað sundmanninn. Allir voru sammála að við lengja tímann milli fyrra og seinna flautsins og leyfa þannig sundmanninum að anda á milli. Með þessu er hægt að ná rólegra andrúmslofti við ræsingu.

Þriðja mál á dagskrá: „Fara yfir greinar sem eru fyrst og fremst til skemmtunar“. Þarna sköpuðust umræður um að við sjáum samsetninguna hvernig greinin fer fram og staðfestum ekki með undirskrift neitt sem kallar fram vafa. Best væri að þessar greinar fari ekki með inn á Swimranking þar sem það kallar fram óvissu við lestur gagna.

Björn fór yfir störf Dómaranefndar með fyrirliggjandi skýrslu sem er í vinnslu. Fundarmenn voru mjög ánægðir með skýrsluna og fékk nefndin lof fyrir störf sín.

Undir liðnum önnur mál fór Björn yfir atvik sem kom fram á ÍM25 haustið 2015 þar sem ólöglegur tími var notaður sem lágmark inná á mótið. Enginn nöfn voru nefnd en alvarleiki málsins ræddur og voru menn sammála um að eftirlitskerfið væri greinilega ekki alltaf að vinna með okkur. Björn ræddi að fundur hefði verið haldinn með viðkomandi yfirdómara og allir hefðu gengið sáttir frá því máli.

Fundarslit voru klukkan 15:45.

Virðingarfyllst,
Björn Valdimarsson

Viðhengi 3

Til stjórnar Sundsambands Íslands.

Dómaranefnd SSÍ leggur það til við SSÍ að listi yfir meðlimi dómaranefndar á heimasíðu SSÍ verði uppfærður í núverandi horf og áður framlögð tillaga að erindisbréfi um tilgang dómaranefndar gerð gild.

Það er vilji til að meðlimir nefndarinnar séu aðgengilegir öllum sundómurum, ef þörf þykir.

Dómaranefnd SSÍ leggur það til að fundargerðir dómaranefndar verði birtar á viðeigandi stað á heimasíðu SSÍ, aðgengilegar öllum, um leið og þær hafa verið samþykktar af stjórn SSÍ.

Margt af því sem fjallað er um í nefndinni á erindi til allra sunddómara SSÍ og því teljum við nauðsynlegt að það sé aðgengilegt eins fljótt og auðið er.

Reykjavík, 25. apríl 2016
Dómaranefnd SSÍ

Viðhengi 4

Til stjórnar Sundsambands Íslands.

Dómaranefnd SSÍ leggur það til að birtar verði íslenskar þýðingar á sundreglum FINA fyrir 2015-2017 á viðeigandi stað á heimasíðu SSÍ og eldri reglur fjarlægðar.

Reykjavík, 25. apríl 2016
Dómaranefnd SSÍ

Viðhengi 5

Til Sundsambands Íslands og Íþróttasambands fatlaðra.

Dómaranefnd SSÍ leggur til að fundin sé einhver lausn á sundmótahaldi beggja sambanda þannig að sundmót SSÍ og sundfélaga innan þess og sundmót ÍF og sundfélaga innan þess, lendi ekki á sömu helgi, eins og gerist orðið tvisvar til þrisvar á ári.

Ljóst er að sömu sunddómarar eru að dæma á mótum beggja sambanda, og það er ekki stærri pottur að taka úr en svo, að tvö mót sömu helgi líða stórlega fyrir það. Það ætti að vera hægt að stýra þessu þannig að allir hafi sama möguleika til að halda gilt og löglegt sundmót. En til þess verða bæði framangreind sambönd að ræða saman. Sunddómararnir mæta eins vel og þeir geta, hjá hvorum sem er.

Reykjavík, 25. apríl 2016
Dómaranefnd SSÍ